

Kæru forráðamenn nemenda á miðstigi.

Nú stýttist í skólabyrjun og undirbúningur skólastarfsins er í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem eflaust brenna á mörgum í upphafi skólaársins.

### Skóladagurinn

Skóladagur nemenda á yngsta- og miðstigi hefst alla daga kl. 8:15 á morgnana. Skóladegi nemenda lýkur á eftirfarandi tímum:

Nemendur á yngsta stigi (1.-4. bekkur) ljúka skóladeginum kl. 13:30

Nemendur á miðstigi (5.-7. bekkur) ljúka skóladegi kl. 13:50

### Skólaboðunarfundir

Allir **nýir nemendur** Sjálalands skóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á fund með viðkomandi umsjónarkennara. Kennarar munu hafa samband símleiðis eða með tölvupósti á tímabilinu 17.-20. ágúst og boða viðtölin. **Allir nemendur** í 2.-10. bekk og forráðamenn þeirra verða boðaðir á sameiginlega fund með umsjónarkennara föstudaginn 23. ágúst á eftirfarandi tímum:

09:00-10:00	Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 2.-3. bekk
10:00-11:00	Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 4.-7. bekk
13:00-14:00	Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 8.-10. bekk

Fundirnir eru haldnir á heimasvæðum árganga. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 26. ágúst. Skóladagatal fyrir skólaárið má finna á [heimasíðu skólans](#).

Námskynningar verða haldnar á öllum skólastigum vikuna 9.-13. september en umsjónarkennarar munu senda nánari upplýsingar um námskynningu sem snýr að ykkar barni/börnum.

### Innkaup

Skólinn skaffar öll námsgögn fyrir nemendur. Með námsgögnum er m.a. átt við stílabækur, blýanta, liti, gráðuboga o.fl. til notkunar í skólanum.

### Nemendur Sjúálandsskóla þurfa að eiga:

- Skólatösku
- Lítinn hitabrúsa (notaður í útikennslu)
- Heyrnartól
- Minniskubb
- Íþróttaföt og íþróttaskó
- Sundfatnað
- Nemendur þurfa að eiga ritföng heima til að geta sinnt heimanámi

### Skólamatur

Hægt er að kaupa mat fyrir nemendur hjá [skolamat.is](http://skolamat.is). Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Síðdegishressing er í boði fyrir nemendur sem eru í tómsundaheimilinu Sælukoti en hún er innifalin í gjaldi fyrir vistun barnsins og útbúin af starfsfólki Sælukots. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á heimasíðu skólamatar <http://www.skolamatur.is/verdskra/verdskra-gardabaer>. Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en þeir munu senda upplýsingar til foreldra. Skólamatur verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 26.ágúst.

### Samræmd próf

Nemendur í 7. bekk munu þreyta samræmd próf í íslensku fimmtudaginn 19. september og í stærðfræði föstudaginn 20. september. Nánari upplýsingar munu koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.

### Reykir

Nemendur í 7. bekk munu fara á Reyki 24.-28. febrúar. Kostnaður vegna ferðarinnar er kr. 26.000 á hvern nemanda. Foreldrar eru hvattir til að skipuleggja fjáröflun vegna ferðarinnar. Nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri